

Mál nr. 190/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti váttryggingar: Sumarhúsatrygging****Gildissvið váttryggingar. Upplýsingaskylda váttryggingafélags.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 14. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2022, ásamt váttryggingarskírteini og váttryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 13. apríl 2022 hafi M tilkynnt V um vatnstjón vegna frostskemda á kaldavatnslögn innanhúss í sumarhúsi sínu. M telur frostsprungutjónið vera rakið til rafmagnsbilunar. V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til gildissvið sumarhúsatryggingar M hjá V, Sumarhúsatryggingar 1, en þar komi ekki fram að félagið bæti tjón vegna frostskemda. Það komi hins vegar fram í sumarhúsatryggingum sem kallaðar séu 2 og 3, en slíka váttryggingu hafi M ekki haft á tjónsdegi.

M telur að váttryggingarskilmálar sumarhúsatryggingar sinnar séu óskýrir þar sem frostskemdir séu ekki taldar sérstaklega upp sem atvik sem undanþegin séu bótaskyldu í liðum a-e í gr. 10.1. M telur að óskýr framsetning í váttryggingarskilmálum eigi að leiða til þess að þeir séu túlkaðir honum í hag þar sem V semji skilmála einhliða og 1. mgr. 36. gr. b. í lögum um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936 geymi fyrirmæli um að slíka samninga skuli túlka neytendum í hag. Einnig bendir M á að þegar hann hafi keypt váttryggingar hjá V snemma á árinu 2020 þá hafi hann tekið sérstaklega fram að hann vildi sambærilega váttryggingarvernd og hann hafði haft hjá öðru váttryggingafélagi. M kveður sölumann V hafa fullvissað sig um að svo væri sem og að hann hafi ekki kynnt M möguleika á að kaupa sumarhúsatryggingu 2 eða 3.

V hefur, eins og áður segir, hafnað því að greiða bætur úr sumarhúsatryggingu 1, sem M hafði fest kaup á þegar tjón hans varð hinn 13. apríl sl. og vísar til gildissviðs þeirrar váttryggingar sem tæmandi sé talið í 2. gr. skilmálann. Þar komi ekki fram að váttryggingin taki til frostskemda og þegar af þeirri ástæðu eigi M ekki rétt til bóta. V telur að váttryggingarskilmálar séu ekki óskýrir hvað það varðar að ekki sé talið upp í undanþáguákvæðum að frostskemdir séu ekki hluti af gildissviði váttryggingarinnar. V telur einnig að engin gögn séu til stuðnings þeim fullyrðingum M að hann hafi viljað hafa sambærilega váttryggingarvernd og hann hafði haft hjá öðru váttryggingafélagi, auk þess sem ekki sé sannað með váttryggingarskilmálum þess félags eingöngu að M hafi haft þá váttryggingarvernd áður en hann keypti váttryggingu hjá V.

Álit.

Ágreiningur er um hvort M hafi öðlast rétt til greiðslu bóta vegna frostskemda á sumarhúsi sínu úr sumarhúsatryggingu sinni hjá V, en sú váttrygging er merkt sem 1. Gildissvið þeirrar váttryggingar verður af stöðluðum váttryggingarskilmálum ekki skilið öðruvísi en að undir það falli ekki tjón vegna frostskemda. Þannig naut M ekki slíkrar váttryggingarverndar á tjónsdegi.

Hins vegar verður af gögnum málsins að fjalla um hvort V hafi með réttum hætti sinnt upplýsingaskyldu gagnvart M þegar V, sem dreifingaraðili váttrygginga skv. 5.tl. 2. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 með síðari breytingum (vsl.), gerði M tilboð í váttryggingar hinn 19. febrúar 2020.

Hvað varðar ágreining milli málskotsaðila og varnaraðila sem lýtur að vsl. kemur fram í 3. gr. samþykka fyrir nefndina að starfssvið nefndarinnar nær meðal annars til mála sem varða réttarágreining um váttryggingarsamninga eða annan ágreining sem lýtur að dreifingu váttrygginga, sem og ágreinings sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í 6. gr. vsl. kemur fram að áður en váttryggingarsamningur sé gerður skuli dreifingaraðili skilgreina kröfur og þarfir viðskiptavina og skv. 6. gr.a skal dreifingaraðili veita persónulega ráðleggingu og útskýra hvers vegna tiltekin váttrygging samræmist best þörfum hans. Í 7. gr. vsl. er síðan lögð sú skylda á dreifingaraðila váttrygginga að veita viðskiptavininum tilteknar upplýsingar á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Í fyrrnefndri 7. gr. kemur einnig fram að heimilt sé að veita viðskiptavininum upplýsingar á vefsvæði að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í tölvupósti sölumanns V frá 19. febrúar 2020 kemur

fram að sölumaðurinn biður M um að „yfirfara allar forsendur svo tryggingaverndin sé í samræmi við þínar þarfir.“ Í sama pósti kemur ekkert fram um að þágildandi váttryggingarvernd M hjá öðru váttryggingafélagi sé frábrugðin, hvað varðar sumarhúsatryggingu, en það tilboð sem var verið að gera M, né heldur að M standi til boða að kaupa ríkari váttryggingarvernd með sumarhúsatryggingu 2 eða 3. Verður að ætla að þó ósannað væri að M hafi óskað eftir sambærilegri váttryggingarvernd og skv. váttryggingarskilmálum annars váttryggingafélags, þar sem frostskemmdir eru hluti af gildissviði váttryggingar, að V hafi borið skylda til að upplýsa M um þá kosti sem hann hafði hjá V varðandi kaup á sumarhúsatryggingu.

Verður að líta svo á að miðað við þær ríku skyldur sem lagðar eru á dreifingaraðila váttrygginga, sbr. breytingalög nr. 61/2019, sem tóku gildi 1. ágúst 2019, að hallann af sönnunarskortum um að M hafi valið þá váttryggingarvernd sem fólst í sumarhúsatryggingu 1 umfram þá sem hann hefði getað fengið í sumarhúsatryggingu 2 eða 3, verði V að bera. V var í lófa lagið að tryggja sér sönnun um að váttryggingarvernd sú sem M keypti hjá V hafi verið keypt þannig að M hafði valið það sérstaklega að kaupa ekki váttryggingarvernd vegna frostskemmda fyrir sumarhús sitt þegar ætla má að honum hafi mátt standa önnur váttryggingarvernd til boða í sumarhúsatryggingum 2 og 3. Þar verður einnig að hafa hliðsjón af því að ekki er óvarlegt að álykta að slík tjón sé algengari en mörg önnur í sumarhúsum.

Tilvísun V til heimasíðu sinnar í tilboðsgögnum breytir ekki þessari niðurstöðu varðandi upplýsingaskyldu, auk þess sem ekki er þar t.d. vísað til staðlaðs upplýsingaskjals um váttrygginguna, skv. 10. gr. vsl.

Telst V því ekki hafa fylgt fyrirmælum vsl. vegna upplýsingaskyldu sem dreifingaraðili váttrygginga við kaup M á sumarhúsatryggingu 1 í febrúar 2020. Réttaráhrif slíks getur annað hvort verið réttur til skaðabóta eða að sá váttryggingarsamningur sem keyptur var þrátt fyrir vanrækta upplýsingaskyldu sé víkkaður út til að ná til þeirrar váttryggingarverndar sem M taldi sig hafa keypt. Nefndin tekur ekki frekari afstöðu til þess hvernig V kemur til móts við M vegna þessa máls, en telur einsýnt að V beri að gera það.

Niðurstaða.

M fékk ekki fullnægjandi upplýsingar um sumarhúsavernd af hálfu V sem dreifingaraðila váttrygginga skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Reykjavík, 30. ágúst 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir